



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 19/2020

## Auðkennið Ferðaskrifstofa eldri borgara

### I. Erindið

Neytendastofu barst erindi Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni (FEB) með bréfi, dags. 27. febrúar 2020, þar sem kvartað var yfir notkun á nafni, vörumerki og auðkenni Ferðaskrifstofu eldri borgara.

Í bréfinu kemur fram að FEB sé langstærsta félagið innan Landssambands eldri borgara með um 12.000 félagsmenn. Félagið hafi verið stofnað 15. mars 1986 og sé hlutverk þess að gæta hagsmuna eldri borgara í hvívetna. Rétt til að verða félagsmenn eigi þeir sem hafi náð 60 ára aldri og einnig makar þeirra þótt þeir séu yngri. FEB sé m.ö.o. hagsmunasamtök eldri borgara og blómleg starfsemi sé rekin innan félagsins á mörgum sviðum. Innan FEB sé starfræktur Ferðaklúbbur FEB Félags eldri borgara (Ferðaklúbbur FEB) sem hefur verið starfræktur í áratugi. FEB og Ferðaklúbbur FEB hafi notað vörumerki og auðkenni tengd Ferðaklúbbi FEB, allt frá því að starfsemi ferðaklúbbsins hófst.

Tilfni kvörtunarinnar sé að undanfarið hafi birst í fjölmiðlum auglýsingar frá Niko ehf. þar sem finna megi notkun á auðkenni, vörumerki og heitinu Ferðaskrifstofa eldri borgara. Auglýsing í fjölmiðlum hafi fyrst birst 4. og 5. janúar 2020 þar sem auglýst sé ferð til Færeyja, 25.-31. mars 2020. Ferðin sé auglýst sem „*sérferð fyrir eldri borgara*“ og tiltekið að „*Ferðaskrifstofa eldri borgara og hótélbókanir.is verða með sérferð fyrir eldri borgara til Færeyja dagana 25.-31. mars.*“

Svo því sé haldið til haga þá hafi FEB verið í ákveðnu samstarfi við Niko í nokkurn tíma sem auglýst hafi nokkrar ferðir með FEB þar til upp úr samstarfinu slitnaði. Í kjölfarið hafi verið birtar þær auglýsingar sem kvörtun þessi lúti að.

Í fyrrnefndi auglýsingu, sem einnig megi nálgast á netinu og á Facebook síðu Hótélbókana, sé tiltekið að nánari upplýsingar séu veittar hjá Ferðaskrifstofu eldri borgara í nánar tilgreindum sínum eða með tölvupósti í gegnum netfangið [hotel@hotelbokanir.is](mailto:hotel@hotelbokanir.is) og [www.hotelbokanir.is](http://www.hotelbokanir.is).



Þannig sé tiltekið að Ferðaskrifstofa eldri borgara standi að undirbúningi ferðarinnar. Þar sé jafnframt að finna meint merki félagsins Ferðaskrifstofa eldri borgara.

FEB hafi sent forsvarsmanni Niko erindi þann 15. janúar 2020 þar sem athugasemdum hafi verið komið á framfæri og þess krafist að látið yrði af framangreindri notkun. Svar Niko hafi borist þann 24. janúar 2020. Svar Niko verði skilið þannig að ekki verði orðið við kröfum FEB og hafi auglýsingar frá Niko ítrekað birst í fjölmiðlum og á netmiðlum/samfélagsmiðlum frá því bréf FEB barst forsvarsmanni Niko.

FEB telji í fyrsta lagi að merkið „*Ferðaskrifstofa eldri borgara*“, heitið og einnig möguleg skammstöfun séu til þess fallin að villa um fyrir neytendum, þ.m.t. félagsmönnum FEB, og skapa ruglingshættu, sbr. m.a. 4. gr. laga nr. 45/1997, um vörumerki, til tjóns fyrir FEB og það félagsstarf sem unnið sé á vegum þess. Komi það til af því að hvort tveggja nafnið og merkið (og skammstöfunin) séu nauðalík bæði nafni FEB og Ferðaklúbbs FEB, sem og vörumerkjum FEB og Ferðaklúbbs FEB. Til að fyrirbyggja misskilning þá hafi vörumerki FEB og Ferðaklúbbs FEB verið í notkun um áratugaskeið.

FEB telji óumdeilt að verið sé að nota merkið FERÐASKRIFSTOFA ELDRÍ BORGARA í svipuðum tilgangi og vegna svipaðrar þjónustu og starfsemi og unnið hafi verið að innan FEB og framangreind vörumerki vísi til. Í reynd telji FEB að verið sé að markaðssetja og auglýsa Ferðaskrifstofu eldri borgara beint gagnvart félagsmönnum FEB og látið að því liggja að um sé að ræða ferðir sem séu á vegum eða tengist FEB með einhverjum hætti.

FEB telji því augljósa hættu á ruglingi vegna notkunar á nafni og auðkenni/vörumerki FERÐASKRIFSTOFU ELDRÍ BORGARA, þar með talið kann, að mati FEB, að vera hættu á því að talin séu vera tengsl með félögunum, merkjunum og þeirri þjónustu sem veitt sé.

Í öðru lagi telji FEB að öll notkun Niko á auðkenninu FERÐASKRIFSTOFA ELDRÍ BORGARA fali í sér óréttmæta viðskiptahætti sem brjóti ótvírætt gegn 15. gr. a. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu.

Í 1. ml. 1. mgr. 15. gr. a. komi fram að óheimilt sé að nota í atvinnustarfsemi firmanafn, verslunarmerki eða því um líkt sem sá hafi ekki rétt til að nota eða reka atvinnu undir nafni sem gefi villandi upplýsingar um eignarrétt eða ábyrgð atvinnurekanda.

FEB telji að öll notkun Niko á nafni og merki FEB með ofangreindum hætti feli í sér brot á ákvæði þessu.

FEB telji að heiti félagsins, Félag eldri borgara í Reykjavík og nágrenni, og Ferðaklúbbs FEB hafi fullnægjandi sérkenni til að njóta verndar gegn því að annar aðili taki upp sama eða áþekkt heiti eða lén til kynningar á starfsemi sinni. Þá telji FEB að með notkun á auðkenninu FERÐASKRIFSTOFA ELDRÍ BORGARA sé Niko að nýta sér áratuga uppbyggingu og



markaðssetningu FEB sem geti leitt til þess að Niko nái til sín viðskiptum með því að nýta sér auðkenni sem megi augljóslega rugla saman við auðkenni FEB. FEB hafi byggt upp viðskiptavild á vettvangi eldri borgara sem félagið telji ótækt að annar aðili geti nýtt.

FEB telji jafnframt að öll notkun Niko á auðkenninu FERÐASKRIFSTOFA ELDRÍ BORGARA feli í sér brot á ákvæði 2. ml. 1. mgr. 15. gr. a. laga nr. 57/2005 enda ljóst að notkun auðkennisins skapi ruglingshættu við firmanafn FEB. Nægi að vísa til heitis auk litar og framsetningar á merki því til stuðnings. Ljóst sé að auglýsing Niko sem fylgi erindinu sé bæði til þess fallin og í reynd sett þannig fram að hún nái að valda misskilningi og ruglingi gagnvart neytendum, þ.m.t. félagsmönnum FEB, í framangreindum skilningi. Auglýsingin sem sé af ferð sem Niko hafi áður skipulagt með FEB sýni eldri notkun á nafni og vörumerki FEB í sambærilegum auglýsingum.

Það sé mat FEB að svo virðist reyndar sem markaðssetningu Niko, f.h. Félags eldri borgara, sé beinlínis ætlað að hafa þau áhrif sem lýst sé að framan og vísist m.a. þar til markpósta sem Niko hafi sent félagsmönnum FEB sem hluta af beinni markaðssetningu þar sem áréttað sé að fyrirverandi framkvæmdastjóri FEB hafi hafið störf hjá Niko. Þá hafi FEB jafnframt sent kvörtun til Persónuverndar vegna mögulegs öryggisbrots en líkur séu á að aðili hafi komist yfir félagatal og netfangaskrá FEB og það hafi verið notað í óleyfi, þ.e. ólögmeta markaðssetningu.

Líkt og fram komi í svarbréfi forsvarsmanns Niko frá 24. janúar 2020 þá gangist félagið í reynd við því að hafa brotið á FEB. Þannig komi fram í bréfinu:

*„Varðandi kröfu um að fyrirtæki okkar láti af notkun vörumerkisins Ferðaskrifstofa eldri borgara er ég fús til að ræða það nánar við stjórn FEB enda vil ég félaginu allt hið besta. ÉG vil þó taka skýrt fram að kæmi til þess, væri Niko ehf. að fallast á slíkt sem hluta af samkomulagi, en alls ekki af því að félaginu sé það skylt. Viðræður í þessa veru færu einungis fram á fundi með stjórn FEB en ekki bréflaga. Þó skal skýrt tekið fram að Niko ehf. mun ekki nota bókstafina FEB í neinu af sínu útsendiefni héðan í frá.“*

Á grundvelli framangreindra raka og framlagðra og tilvitnaðra gagna sé þess krafist að Neytendastofa ákveði á grundvelli 15. gr. a., sbr. 5. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, að gefa tafarlaus fyrirmæli um að Niko láti nú þegar af allri notkun heitisins og auðkennisins FERÐASKRIFSTOFA ELDRÍ BORGARA að viðlögðum dagsektum á grundvelli 23. gr. sömu laga.

Þess sé óskað að meðferð málsins verði hraðað eins og kostur sé og Neytendastofa grípi tafarlaust til þeirra úrræða sem henni sé heimilt til þess að stöðva umrædda ólögmeta háttsemi.



## II.

### Málsmeðferð

#### 1.

Erindi FEB var sent Niko til umsagnar með bréfi Neytendastofu, dag. 3. mars 2020. Í bréfinu kom fram að stofnunin teldi, að svo stöddu og teknu tilliti til framlagðra gagna, ekki tilefni til þess að hraða meðferð málsins umfram meðferð annarra sambærilegra mála hjá stofnuninni.

Svar barst með bréfi, dags. 18. mars 2020, þar sem segir að Niko hafi svarað erindi FEB þann 26. janúar 2020 og óskað skýringa á þeim fjölmörgu rangfærslum sem settar hafi verið fram í bréfi FEB til Niko, dags. 15. janúar s.á. Skriflegt svar hafi ekki borist.

Fyrirsvarsmaður Niko hafi boðist til að hitta stjórn FEB og ræða málið til að leiða það til lykta en það boð hafi ekki verið þegið. Niko telji sig í fullum rétti til að nota nafnið Ferðaskrifstofa eldri borgara. Lagalega geti enginn eignað sér það nafn frekar en vörumerki á borð við Ferðaskrifstofa barna/unglinga/fullorðinna enda sé hugtakið „eldri borgari“ almennt hugtak um fólk á ákveðnu æviskeiði, sem enginn geti eignað sér og ætlað að fá einkarétt til notkunar á.

Á það megi benda að í nýjasta tölublaði Félagstíðinda (tímarit FEB) birtist auglýsing frá Ferðaskrifstofu eldri borgara. Blaðið hafi komið út um 10. mars en erindi FEB hafi verið sent Neytendastofu þann 27. febrúar. Þetta veki furði.

Þá skuli tekið fram að vegna COVID-19 ástandsins sem snerti alþjóð og heim allan séu engar markaðsherferðir fyrirhugaðar á næstu vikum á vegum Ferðaskrifstofu eldri borgara.

Hvað bréf FEB varði séu gerðar eftirfarandi athugasemdir:

Í bréfi FEB sé í tvígang vísað til þess að Ferðaklúbbur FEB hafi verið starfræktur um áratuga skeið. Samkvæmt áreiðanlegum heimildum Niko hafi nafnið/vörumerkið a.m.k. ekki verið notað eftir júlímánuð 2014. Auk þess sé það fjarstæðukennt að bera vörumerkin saman, litur þeirra sé ólíkur en litur í vörumerki FEB sé hins vegar svipaður og hjá Ferðaskrifstofu eldri borgara.

Niko líti svo á að FEB séu fyrst og fremst félagasamtök og bendi á að félagið hafi ekki leyfi til reksturs ferðaskrifstofu. Hins vegar sé Niko handhafi slíks leyfis og sé í þeirri atvinnustarfsemi að selja ferðir til útlanda og hafi gert frá árinu 2004. Á þessu sé stór munur, eðli málsins samkvæmt.

Í bréfinu eru gerðar athugasemdir við að FEB telji Niko nýti sér viðskiptavild FEB og bent á að aðrar ferðaskrifstofur hafi auglýst ferðir fyrir eldri borgara um áratuga skeið. Þá eru einnig gerðar athugasemdir við að látið sé í veðri vaka að FEB hafi á einhvern hátt skipulagt



aðventuferð eldri borgara til Kaupmannahafnar, aðkoma FEB hafi aðeins falist í því að auglýsa ferðirnar með markpósti til félaga og taka við greiðslu staðfestingargjalds.

Þá eru gerðar athugasemdir við þá staðhæfingu í bréfi FEB að Niko hafi með einhverjum hætti gengist við því að hafa brotið gegn FEB. Með tilvísuninni sem tekin sé upp í bréfinu hafi Niko eingöngu verið átt við að bókstafirnir FEB hafi aldrei og verði aldrei notaðir af Niko.

## 2.

Bréf Niko var sent FEB til umsagnar með bréfi Neytendastofu, dags. 30. apríl 2020. Ekkert svar barst og var FEB send ítrekun með bréfi Neytendastofu, dags. 6. maí 2020. Í bréfinu kom fram að bærst stofnuninni ekki svar teldist gagnaöflun málsins lokið.

Ekkert svar barst.

## III.

### Niðurstaða

#### 1.

Í máli þessu kemur til álita kvörtun Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni (FEB) yfir nafni, vörumerki og auðkenni Ferðaskrifstofu eldri borgara, sem rekin er af Niko ehf. Telur FEB notkun Niko á auðkenninum til þess fallna að valda ruglingi þannig að félagsmenn FEB telji starfsemi Niko undir auðkenninu Ferðaskrifstofa eldri borgara tengjast starfsemi FEB. Því sé um að ræða brot gegn 5. og 15. gr. a. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu.

Af hálfu Niko er því hafnað að brotið sé gegn ákvæðum laga nr. 57/2005 eða að hætta sé á ruglingi milli aðilanna. Bendir Niko m.a. á hversu almennt heiti sé hér um að ræða en auk þess sé starfsemi aðilanna gerólík, FEB hafi til að mynda ekki leyfi til reksturs ferðaskrifstofu.

#### 2.

Í 5. gr. laga nr. 57/2005 er lagt almennt bann við óréttmætum viðskiptaháttum, áður en, á meðan og eftir að viðskipti með vöru fer fram eða þjónusta er veitt. Hvað teljist til óréttmætra viðskiptahátta er nánar tilgreint í III. – V. kafla laganna.

Í V. kafla laga nr. 57/2005 er fjallað um háttsemi milli fyrirtækja. Þar segir í 14. gr.:

*„Óheimilt er að veita rangar, ófullnægjandi eða villandi upplýsingar í auglýsingum eða með öðrum hætti eða beita öðrum slíkum viðskiptaaðferðum sem sama marki eru brenndar gagnvart keppinautum, enda séu upplýsingar þessar og viðskiptaaðferðir til þess fallnar að hafa áhrif á eftirspurn eða framboð vara, fasteigna, þjónustu eða annars þess sem haft er á boðstólum í atvinnustarfsemi sem lög þessi taka til.“*



Fullyrðingar sem fram koma í auglýsingum mega skv. ákvæðinu ekki veita misvísandi, rangar eða villandi upplýsingar gagnvart keppinaut auglýsanda eða stöðu auglýsanda, vöru eða þjónustu hans, gagnvart keppinautum.

Ákvæði 15. gr. a. er svohljóðandi:

*„Óheimilt er að nota í atvinnustarfsemi firmanafn, verslunarmerki eða því um líkt, sem sá hefur ekki rétt til er notar, eða reka atvinnu undir nafni sem gefur villandi upplýsingar um eignarrétt eða ábyrgð atvinnurekanda. Enn fremur er sérhverjum bannað að nota auðkenni, sem hann á tilkall til, á þann hátt að leitt geti til þess að villst verði á því og öðru einkenni sem annað fyrirtæki notar með fullum rétti.“*

Í ákvæðinu felst almenn vernd auðkenna sem kemur til fyllingar á vörumerkjavernd. Efnislega er 15. gr. a. samhljóða ákvæði eldri laga um almenna vernd auðkenna. Fyrri málsliður 15. gr. a. hefur að geyma almennt bann við því að nota auðkenni, t.d. firmanafn og vörumerki, sem annar á. Rétturinn til þessara auðkenna getur hvílt á sérlöggjöf svo sem lögum um vörumerki, lögum um verslunarskrár, firmu og prókúruumboð og því um líkt. Af lögskýringargögnum sést glöggt að ákvæðið skiptir máli um viðbótarvernd við þá vernd sem framangreind sérlög veita auðkennum. Þar kemur einnig fram að í 2. másl. greinarinnar sé rétturinn til að nota eigin auðkenni takmarkaður á þann veg að óheimilt sé að nota auðkenni þannig að leitt geti til þess að villst verði á því og öðru auðkenni sem annað fyrirtæki notar með fullum rétti. Þetta ákvæði tekur því til sömu auðkenna og almenna reglan í 1. málslið. Þessi málsliður á við í þeim tilvikum sem báðir málsaðilar eiga rétt til auðkenna sinna og þarf þá að líta til þess hvort notkun þess sem seinna byrjaði notkun valdi ruglingshættu milli aðila.

### 3.

Réttur til vörumerkis getur stofnast annars vegar fyrir skráningu og hins vegar fyrir notkun. Meginreglan er sú að eigandi merkis öðlast einkarétt til auðkennisins og er öðrum þar með óheimilt að nota það eða annað auðkenni sem líkist því svo mikið að ruglingshætta skapist. Ákvæði 15. gr. a. laga nr. 57/2005 er einkum ætlað að vernda auðkenni gegn því að keppinautur noti annað auðkenni sem líkist því mikið. Við mat á ruglingshættu er litið til þess hvort málsaðilar séu í samkeppni og hvort þeir séu á sama markaðssvæði. Til þess að njóta einkaréttar verður auðkennið að vera þess eðlis að það geti aðgreint eiganda þess eða vöru hans eða þjónustu frá keppinautum og takmarkast verndin því að jafnaði við að vörumerkið sé ekki almennt orð og lýsandi fyrir þá vöru eða þjónustu sem málsaðili og keppinautar hans bjóða.

Félag eldri borgara í Reykjavík og nágrenni er skráð félag sem stofnað var árið 1986. Félagið notast við skammstöfunina FEB ásamt myndmerki þar sem heiti félagsins er ritað í grænu lettri, með hástöfum. Vinstramegin við heitið er mynd af tveimur hvítum laufblöðum á grænum grunni og undir þeim skammstöfunin FEB. Innan félagsins er rekinn ferðaklúbbur sem hefur sitt eigið auðkenni og myndmerki, þ.e. Ferðaklúbbur FEB Félags eldri borgara (Ferðaklúbbur



FEB). Myndmerki ferðaklúbbsins er sambærilegt myndmerki FEB, þ.e. heiti klúbbsins ásamt mynd af tveimur laufblöðum og skammstöfuninni FEB.

Niko rekur ferðapjónustu undir heitunum Ferðaskrifstofa eldri borgara og Hótelbókanir.is en hefur ekki skráð heitin hjá þar til bærum aðilum. Myndmerki Ferðaskrifstofu eldri borgara hefur mynd af jörðinni vinstramegin við heitið, sem skráð er í hástöfum. Texti og mynd í merkinu er í grænum lit á hvítum grunni.

Umkvartað heiti, Ferðaskrifstofa eldri borgara, er samsett úr þremur almennum orðum sem lýsa starfsemi Niko, þ.e. ferðaskrifstofa sem sérhæfir sig í ferðum ætluðum eldri borgurum. Af hálfu FEB er því haldið fram að hætta sé á ruglingi hjá félagsmönnum FEB vegna tengsla heitisins Ferðaskrifstofa eldri borgara annars vegar við heiti FEB og hins vegar við heiti Ferðaklúbbs FEB, sem rekinn er innan FEB.

Í erindi FEB kemur fram að FEB séu hagsmunasamtök sem hafa það hlutverk að gæta hagsmuna eldri borgara í hvívetna. Í gögnum málsins hefur hins vegar ekki verið gerð skýrlega grein fyrir starfsemi eða hlutverki Ferðaklúbbs FEB en af skoðun á vefsíðu FEB má sjá að á síðunni eru kynntar svokallaðar FEB ferðir. Af síðunni má sjá að um er að ræða ferðir fyrir eldri borgara þar sem félagsmönnum FEB eru a.m.k. í einhverjum tilvikum veitt afsláttarkjör við kaup á ferðunum og er þeim bent á að bóka ferðina með tölvupósti á netfang FEB. Að öðru leyti er aðkoma FEB að ferðunum óljós og á síðunni kemur ekki fram hver seljandi eða ferðaskipuleggjandi er. Neytendastofa telur þó ljóst að aðilar eru ekki keppinautar á markaði enda er aðalstarfsemi Niko sala á pakkaferðum og ferðatengdri þjónustu og hefur félagið ferðaskrifstofuleyfi frá þar til bæru yfirvaldi en ekki FEB eða Ferðaklúbbur FEB.

Að mati Neytendastofu eru nokkur líkindi með heitunum en stofnunin getur ekki fallist á að líkindi með myndmerkjum þeirra séu svo mikil að hætta sé á ruglingi milli þeirra. Þá verður ekki framhjá því litið að heiti beggja aðila eru afar almenn og lýsandi fyrir starfsemi þeirra, hvort sem litið er til einstakra orða í heitunum eða samsettra heita.

Að höfðu hliðsjón af ofangreindu og eins og málum er hér háttað telur Neytendastofa heildarmat á þáttum málsins ekki leiða til þess að einkaréttur FEB til auðkenna sinni verði þess valdandi að Niko skuli bönnuð notkun auðkennis síns, FERÐASKRIFSTAOFA ELDRÍ BORGARA, á grundvelli 15. gr. a. laga nr. 57/2005.



**IV.**

**Ákvörðunarorð:**

**„Ekki er ástæða til aðgerða Neytendastofu í máli þessum.“**

Neytendastofa, 8. júní 2020

Tryggvi Axelsson  
forstjóri

Pórunn Anna Árnadóttir